

Starfsáætlun leikskólans

Norðurbergs

2015-2016



Formáli

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en fræðsluráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum áætlun um hvernig þau verða metin.
- Áherslur í starfsáætlun fræðslusviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Fjöldi barna, kynjahlutfall, dvalarstundir, fjöldi barna sem njóta sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til sviðsstjóra fræðslusviðs fyrir 1. júlí ár hvert. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir fræðsluráðs til samþykktar.



Efnisyfirlit

Formáli	2
1. Inngangur	4
2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun	7
2.1 Innra mat leikskólans	7
2.2 Húsnæði og lóð	7
2.3 Ytra mat /umbótaáætlun	7
3. Áherslur í starfi leikskólans	8
3.1 Áherslur leikskólans næsta starfsár	8
4. Starfsmannamál	9
4.1 Starfsmannahópurinn 1. maí	9
4.2 Starfsþróunarsamtöl	9
4.3 Símenntun frá síðasta ári	9
4.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum	10
5. Aðrar upplýsingar	11
5.1 Barnahópurinn 1. maí	11
5.2 Foreldrasamvinna	11
5.3 Samstarf leik- og grunnskóla	12
5.4 Almennar upplýsingar	12
5.5 Áætlanir	13
Fylgirit	13

- Verkefnaáætlun þróunarverkefnis 2014-2015
- Verkefnaáætlun leikskólans 2015-2016
- Leikskóladagatal
- Umsögn foreldraráðs

1. Inngangur

Starfsárið 2014-2015 gekk ágætlega og voru flestir starfsmenn ánægðir með liðið skólaár (skv. starfsmannasamtölum). Í starfsmannasamtölum síðasta árs kom einnig fram almenn ánægja í starfi og að góður starfsandi ríki á vinnustaðnum. Á einni deild leikskólans, var þó haustið og fram til áramóta, erfitt. Inn komu tveir nýjir starfsmenn og náði hópurinn ekki að vinna saman og erfiðlega gekk að halda ró á deildinni. Einn starfsmaður hætti um jólin og breyttist andrúmsloftið til hins betra og hefur haldist gott síðan.

Breytingar urðu í starfsmannahópnum en þó ekki miklar þar sem starfsmannavelta er yfir höfuð í minna lagi hér á Norðurbergi. Nýráðningar rokka á milli 3 - 5 á ári hverju. Hér er almennt stöðugur starfsmannahópur, hópur sem hefur unnið lengi saman í leikskólanum. Meirihluti starfsmanna eru menntaðir leikskólakennarar, þroskaþjálfar, nokkrir með aðra uppeldismenntun/háskólamenntun og svo erum við með tryggja starfsmenn með ólíka menntun sem hafa unnið hér lengi og eru komnir með mikla reynslu í starfi.

Einn leikskólakennari var í námsleyfi, í meistaranámi, á skólaárinu og kemur inn aftur haustið 2015. Annar starfsmaður lauk sínu fyrsta ári í fjarnámi til leikskólakennara frá HÍ samhliða 100% vinnu í leikskólanum og heldur náminu áfram, á námssamningi við bæjarfélagið, en minnkar þó við sig í stöðugildi.

Eftir **endurmat starfsmanna** á innra starfi leikskólans, á starfsmannafundi í maí 2015, voru teknar ákvarðanir um minniháttar breytingar á innra starfinu eftir liðið skólaár. Starfsmenn eru að öllu jöfnu ánægðir með sameiginleg verkefni leikskólans og starfið eins og það er og er stefnt að því að halda stefnunni og gera það vel. Minniháttar áherslubreytingar verða fyrir næsta skólaár sem farið verður vel yfir á deildarstjórafundi og starfsmannafundi í ágúst 2015.

Það sem kom meðal annars fram hjá deildum:

- Haustið hófst almennt vel, aðlögun milli deilda og aðlögun nýrra barna gekk ágætlega. Þó kom í ljós að ekki var gefinn nægur tími á milli aðlögunarhópa hjá yngstu deildum. Við erum með hópaðlögun þar sem 6 börn koma inn á sama tíma í þriggja daga aðlögun með foreldra með sér allan tímann. Það verður að vera að lágmarki ein vika á milli innkomu hópa svo fyrri hópurinn sé búin að jafna sig þegar næsti hópur kemur inn.
- Að mati slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins þá eigum við ekki að fara með börnin alla leið út við rýmingaræfingar heldur bara að neyðarútgöngum.
- Allir voru sérlega ánægðir með landsátakið „allir lesa“, og óskað var eftir því að halda því inni. Allar deildir gerðu sinn lestrarorm með aðstoð foreldra og voru afhent verðlaun fyrir góðan árangur.
- Jarðskjálftaæfingar með áherslu á „krjúpa-skýla-halda“ gengu vel í janúar.
- Foreldarsamtöl gengu almennt vel. Foreldrar eru ánægðir með leikskólann og starfsáætlun hans.
- Forvarnir vegna kynferðisofbeldis gekk vel í ár þó skilningur barnanna sé mismikill á deildum.

Í starfsáætlun fyrir 2014-2015 lögðum við sérstaka áherslu á eftirfarandi:

- Ný **Skólanámskrá** ásamt nýrri **Starfsáætlun** átti að koma út.
- Þróunarverkefnið , „**Snemmtæk íhlutun í málörvun yngstu barnanna**“ fór af stað haustið 2014. Sótt var um styrk úr Þróunar- og nýsköpunarsjóði Hafnarfjarðar, 1.600.000 kr. og fengum við 1.400.000 kr. til ráðstöfunar. Leiðbeinandi okkar í verkefninu var Ásthildur Snorradóttir, talmeinafræðingur og verkefnisstjóri var Hulda P. Haraldsdóttir, deildarstjóri. Ábyrgðarmaður var/er leikskólastjóri.
- **Innleiðing** á (hluti af þróunarverkefninu) á verkefninu „**Tölum saman**“ fyrir tvo elstu árgangana. Þetta er málörvunarverkefni sem eflir alhliða málþroska barnanna.
- **Innleiðing á spjaldtölvum í námi barnanna.** Stofnuð var 4 manna nefnd til að halda utan um verkefnið sem er í ábyrgð aðstoðarleikskólastjóra.
- **Árstíðirnar fjórar;** við stefndum á að dýpka okkur enn frekar í verkefnum tengdum árstíðunum.
- **Undirbúningur fyrir náms- og kynnisferð til Póllands** sem farin verður í júní 2015.

Okkur tókst ekki að gefa endanlega út **Skólanámskrána** vegna tímaskorts, en við höfum unnið samkvæmt henni. Hún er nánast tilbúin og verður lögð áhersla á að klára hana í september 2015 og bæta þá inn nýjum áherslum í tengslum við innleiðingu á snemmtækri íhlutun í málörvun yngstu barnanna, „Tölum saman“, „Lubbi finnur málbein“ og spjaldtölvur í námi barna.

Þróunarverkefnið „Snemmtæk íhlutun í málörvun tveggja til þriggja ára barna“ fór af stað haustið 2014. Ábyrgðarmaður var Anna Borg, leikskólastjóri, verkefnisstjóri í 30% stöðu var Hulda P. Haraldsstjóri, deildarstjóri á Álfasteini og leiðbeinandi var Ásthildur Snorradóttir talmeinafræðingur á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar. Þróunarteymi var stofnað í upphafi sem í sátu auk þeirra sem er búið að nefna: Gunnhildur Grímsdóttir, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri, Lóa Björk Hallsdóttir, deildarstjóri í Lundi, Sigríður Jenný Halldórsdóttir, deildarstjóri á Klettaborg, Jóhanna Berentsdóttir, deildarstjóri á Birkibóli og Arnrún Einarsdóttir, deildarstjóri á Tröllagili og ritari teymisins. Þróunarteymið hittist reglubundið yfir veturinn ásamt Ásthildi. Fundirnir urðu sjö talsins en að auki voru minni skoðanaskiptafundir þar sem ólíkir aðlilar sátu fundina en þó alltaf verkefnastjóri og leikskólastjóri.

Bókin „**Snemmtæk íhlutun í málörvun tveggja til þriggja ára barna**“ var keypt inn á allar deildar og fengu allir starfsmenn það verkefni að lesa bókina sem fyrst í ágúst og september. Síðan var sett niður verkefnaáætlun (sjá fylgiskjal) sem unnið var eftir yfir skólaárið. Þetta fór allt saman vel af stað í upphafi, við fengum 1.400.000 kr. styrk frá Þróunar- og nýsköpunarsjóði Hafnarfjarðar sem borgaði fyrir 30% laun fyrir staðgengil verkefnisstjóra, greiðslu til leiðbeinanda, fræðslufundi fyrir alla starfsmenn og vinnufundi fyrir þróunarteymið. Breytingar urðu á samtalsblaði sem lagt er fyrir foreldra í fyrsta samtali við deildarstjóra í upphafi leikskólagöngu. Einnig hafa orðið breytingar í almennum kennsluháttum leikskólans. Við lögðum mikla áherslu á undirstöðupætti fyrir boðskipti **Bínureglurnar**, innleiddum „**Tölum saman**“ fyrir eldri börnin, „**Lubbi finnur málbein**“ fyrir alla aldurshópa og **sjónrænt skipurlag** á allar deildar. Samstarfsfélagar voru ekki allir að fylgja þessu verkefni eftir eða átta sig á hvert við værum að fara í innleiðingunni. Í endurmati vorsins kom fram að við hefðum kannski átt að leggja betri áherslu á lestur bókarinnar með því að vera með litla

leshringi og ræða grunninn, gefa öllum tækifæri til skoðanaskipta í minni hópum. Einnig kom fram að kannski hefðum við átt að hafa fulltrúa allra starfshópa í þróunarteyminu svo starfsmenn hefðu það á tilfinningunni að eiga fulla aðild að verkefninu. Þetta voru mjög góðar og sanngjarnar athugasemdir sem við vinnum hér með eftir í framtíðinni. Þess má geta hér að á næsta skólaári þá leggst þetta teymi niður og nýtt **þverfaglegt eftirfylgniteymi** verður stofnað, sem á að festa þessa aðferð í sessi. Hér fá starfsmenn tækifæri á að sækja um að sitja í viðkomandi teymi. Það má segja að við höfum unnið þetta hægt og sígandi en við teljum að við hefðum þurft að hafa stærra stöðugildi fyrir verkefnisstjóra til að sinna þessu betur. Hennar verk var fyrst og fremst að safna efni í handbók fyrir starfsmenn, setja saman fræðlegan texta, koma með stutt innlegg til starsmanna og sinna fræðslu til foreldra í gengum stutt fræðslubrэф í tölvupósti. Enn er verið að vinna í handbókinni og er það von okkar að hún verði að mestu tilbúin fyrir upphaf næsta skólaárs. Við höfum ekki enn fengið að vita hvað okkur var úthlutað frá Þróunar- og nýsköpunarsjóði á vorönn 2015. Þetta hefur truflað vinnu okkur töluvert enda var það á áætlun að fá grafískan hönnuð til að hanna handbókina okkar og gefa hana formlega út. Við höfum ekki getað farið í þetta. Öðru höfum við þó haldið, fundum, verkefnisstjórn og leiðbeinanda. Verkefninu er því ekki að fullu lokið, verkefnisstjóri er að vinna í handbókinni til að hægt verði að vinna eftir henni strax í upphafi nýs skólaárs.

Okkur gekk vel að **innleiða spjalddölvur** í námi barnanna. Hér var stofnuð nefnd 4 starfsmanna, sem hefur haldið utan um verkefnið og þróað vinnuna, aðallega þó við val á námsefni í spjalddölvurnar og samræma það námsefni á milli deilda. Allir starfsmenn fengu fræðslu í boði Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar og erum við í stöðugum samskiptum við viðkomandi fyrirlesara og stofnuðum samskiptasíðu á fésbókinni til að geta leitað ráðleggingar og fengið nýjar hugmyndir. Þessi nefnd heldur áfram sinni vinnu við innleiðingu á spalddölvum fyrir næsta skólaár.

Ekki tókst öllum deildum að dýpka sig í **árstíðarbundnu verkefnunum** okkar og er búið að ákveða að taka sig á þar sem það á við.

Undirbúningur fyrir náms- og kynnisferðina til Póllands gekk alveg ótrúlega vel og má þar þakka pólskum nefndarmanni sérstaklega. Hún sá um öll samskipti sem fóru fram á milli okkar og þeirra stofnana sem við heimsóttum. Sjálf ferðin var bara stórkostleg, flottar móttökur, flottir skólar, einn sem stóð þó sérlega uppúr, skóli fyrir einhverf börn. Gdansk var einstök borg að heimasækja, falleg menningarborg með mikla sögu. Skýrsla um Póllandsferðina mun koma út í 1 september/október 2015 og þar má lesa frekar um ferðina í heild sinni. Við viljum nota tækifærið hér og þakka öllum þeim sem hafa stutt okkur við fjármögnun ferðarinnar og gert okkur þar með kleift að fara með nánast allan starfsmannahópinn í ferðina.

Fyrir hönd starfsmanna leikskólans,
Anna Borg Harðardóttir
leikskólastjóri

2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun

2.1 Innra mat leikskólans

- **Hvaða þættir leikskólastarfsins voru metnir?**

Starfsmenn deilda notuðu starfsmannafund í maí 2015 til þess að fara yfir alla starfsemi leikskólans. Farið var vel yfir dagskipulagið það metið og niðurstöður lagðar fram. Sama var gert við skóladagatal leikskólans, farið var vel í hvern viðburð og sett í umræðu og sameiginleg ákvörðun tekin um breytingar fyrir næsta skólaár. Mat var gert á þróunarverkefni liðins vetrar á sama tíma og reyndar jafnóðum á liðnu skólaári.

- **Hvenær/ hve oft verður metið (skipulag matsins)?**

Stórt mat þar sem liðið skólaár er metið er einu sinni á ári, í maí. Einnig er starfið metið jafnóðum yfir veturinn á deildarstjórafundum (einu sinni í viku), á starfsmannafundum/skipulagsdögum og deildarfundum (ca 12 sinnum yfir árið) og í þeim ráðum og nefndum sem eru starfandi í leikskólanum hverju sinni og að auki í daglegum samskiptum starfsmanna. Við vorum með fleiri starfsmannafundi á þessu skólaári vegna þróunarverkefnisins.

- **Hvaða matsaðferðir / matsgögn er áætlað að nýta?**

Við notum heimagerðar matsaðferðir og styðjumst við skólanámsskrá, starfsáætlun, stefnur, áætlanir, dagskipulag og skóladagatal leikskólans.

- **Hverjir munu taka þátt í matinu?**

Allir starfsmenn taka þátt í mati á leikskólastarfinu. Við gerum það yfirleitt fyrst á deildum og svo færast umræðan yfir í starfsmannahópinn þar sem hver deild kynnir sínar niðurstöður og samþykkir allur starfsmannahópurinn síðan sameiginlegt endurmat, umbætur og nýbreytni.

2.2 Húsnæði og lóð

- Starfsmenn á Umhverfis- og framkvæmdarsviði ásamt leikskólastjóra fara einu sinni til tvisvar á ári yfir lóðina og skrá niður þær umbætur sem nauðsynlega þarf að gera. Í milli-tíðinni eru allir starfsmenn ábyrgir fyrir því að leiksvæði barnanna sé öruggt yfir daginn. Þörf á viðgerð er þá tilkynnt til leikskólastjóra. Leikskólastjóri á að fara hvern dag og athuga hvort allt sé í lagi í lóð áður en börnin fara í útivist. Skoðunin er skráð í hvert skipti. Þetta hefur ekki alltaf gengið eftir á hverjum degi.
- Starfsmenn leikskólans eru virkir utandyra við að gera ýmsar skemmtilegar breytingar í lóðinni sem henta börnunum og gerir leikinn enn meira áhugaverðann. Að auki eru þeir iðnir við að hirða lóðina sjálfir og hanna einföld leiktæki fyrir börnin. Þetta á sérstaklega við leiksvæði elstu barnanna, í Lundi.

2.3 Ytra mat

Skólaskrifstofan stendur fyrir **foreldrakönnunum annað hvert ár, nú síðast 2013** og starfsmannakönnun er áætluð árið á móti sem mannauðsstjóri Hafnarfjarðarbæjar ber ábyrgð á. Engin könnun var því á liðnu skólaári en almenn ánægja er meðal foreldra með leikskólann, starfsáætlun og samskipti við starfsmenn samkvæmt foreldrasamtölum vorið 2015.

Starfsmannakönnun var lögð fyrir alla starfsmenn leikskólans á þessu ári, í febrúar 2015. Starfsmenn eru almennt ánægðir í vinnunni, líður vel, eiga góða vinnufélaga og sáttir með stefnu og strauma leikskólans. Þó kom fram í könnuninni að hér hafi starfsmaður orðið fyrir einelti og aðrir fyrir áreiti. Þessir aðilar hafa ekki sótt sér aðstoð með því að ræða við trúnaðarmenn staðarins eða beðið um aðstoð annarra samstarfsfélaga. Deildarstjórar fengu enga vitneskju um þessi mál. Tveir starfsmannafundir voru nýttir í að ræða þessi mál og hvað hægt væri að gera. Niðurstaðan varð sú að minna fólk á þær leiðir sem eru í boði ef einelti kemur upp á vinnustaðnum. Við erum með áætlun gegn einelti og það eru trúnaðarmenn allra starfshópa hér í leikskólanum. Annað sem rætt var út frá könnuninni var að til að gera góðan starfsanda enn betri þá mættum við: vanda enn frekar móttöku nýrra starfsmanna, miðla þekkingu á milli starfsmanna á almennum fundum, stjórnendur að vera með markvissari hvatningu inn í hópinn, minnka eins og hægt er álag á deildum, gefa betra færi á að ræða saman, vera með reglulega deildarfundi, gera viðburðardagatal fyrir samveru starfsmanna utan vinnutíma (auðvelda góða vinnu fyrir skemmtinefnd leikskólans) og gefa fulltrúum úr öllum starfsstéttum færi á að vinna við þróunarstarf þegar það er sett í gang.

3. Áherslur í starfi leikskólans

3.1 Áherslur leikskólans fyrir næsta skólaár 2015-2016 eru eftirfarandi:

- Gefa formlega út nýja **Skólanámskrá í september 2015**.
- Gefa út nýja **Starfsáætlun í ágúst** (sjá fylgiskjal).
- Nýtt **Skóladagatal, búið að gefa það út og samþykkja af starfsmönnum, foreldraráði leikskólans og Fræðsluráði**.
- **Eftirfylgni** á þróunarverkefninu **Snemmtæk íhlutun í málörvun yngstu barnanna**. Nýtt þróunarteymi, þverfaglegt, verður sett á laggirnar þar sem fulltrúar allra starfsmannahópa innan leikskólans munu sitja. Haldið verður áfram að þróa „**Tölum saman**“ fyrir tvo elstu árgangana. Þetta er málörvunarverkefni sem eflir alhliða málþroska barnanna.
- **Grænfánaumsókn**/verkefni eftir áramót. Umhverfisráð leikskólans, sem í sitja fulltrúar allra deilda, heldur utan um þetta verkefni og ber ábyrgð á framgangi þess.
- Nýtt þróunarverkefni **Læsi og stærðfræði** verður sett á laggirnar frá hausti 2015. Þróunarteymi, þverfaglegt, verður sett á laggirnar þar sem fulltrúar allra starfsmannahópa innan leikskólans munu sitja.
- **Innleiðing (framhald) á spjaldtölvum í starfi með börnunum**. **Spjaldtölvunefnd**, sem í sitja 4 starfsmenn undir stjórn aðstoðarleikskólastjóra, heldur áfram störfum og þróar áfram vinnuna sem farið var með af stað á síðasta skólaári.

4. Starfsmannamál

4.1. Starfsmannahópurinn 1. maí 2015

Starfsheiti	Fjöldi	Starfshlutfall	Menntun
Leikskólastjóri	1	1,0	Leikskólakennaramenntun
Aðstoðarleikskólastjóri	1	0,40	Leikskólakennaramenntun
Sérkennslustjóri	1	0,60	Leikskólakennaramenntun
Deildarstjórar/leikskólak.	5	5,0	Leikskólakennaramenntun
Leikskólakennarar	6	6,45	Leikskólakennaramenntun
Kennari	1	0,80	Grunnskólakennaramenntun
Þroskaþjálfar	4	3,73	Þroskaþjálfamenntun
Fötlunarfræðingur	1	0,9375	Háskólamenntun
Leiðbeinandi A	1	1,0	Háskólamenntun
Leiðbeinendur	10	8,3	Ýmis menntun: grunnskólapróf, stúdentspróf, leiklistarnám
Matreiðslumaður	1	1,0	Matreiðslupróf/MATVÍS
Aðstoð í eldhúsi	2	1,0	Grunnskólapróf, fjarnám háskóla, önnur menntun og reynsla

4.2 Starfsþróunarsamtöl

Leikskólastjóri skipulagði starfsmannasamtöl frá maí – júní 2015. Viðtölin voru boðuð skriflega með nokkurra daga fyrirvara og fóru þau fram á skrifstofu aðstoðarleikskólastjóra. Samtölin eru ætluð til starfsþróunar, óskir starfsmanna um símenntun/fræðslu, rætt um starfið í leikskólanum, hvernig starfsmanni gangi í starfi, um líðan starfsmanns og væntingar, um samstarf hans við samstarfsfélaga og samskipti við börn og foreldra þeirra. Eftir viðtölin tók leikskólastjóri saman niðurstöður og vann úr þeim og leggur fyrst fyrir deildarstjóra og síðan starfsmenn leikskólans á fyrsta fundi á nýju skólaári.

4.3 Símenntun frá síðasta ári

Við lögðum áherslu á að starfsmenn nýttu sér þau tilboð sem **Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar** bauð uppá fyrir skólaárið **2014-2015**. Þátttaka starfsmanna var mjög góð og samkvæmt tölum frá fræðsluviði var besta aðsóknin frá Norðurbergi.

Önnur fræðsla var mikil á liðnu ári fyrir alla starfsmenn leikskólans. Mikið af þeirri fræðslu tengdist þróunarverkefninu „Snemmtæk íhlutun í málörvun yngstu barnanna“. Ásthildur Snorradóttir, talmeinafræðingur, okkar leiðbeinandi í verkefninu, kom með fræðslu fyrir alla starfsmenn tvisvar sinnum á árinu og einu sinni til foreldra. Einnig átti hún nokkra faglega fundi

með þróunarteymi leikskólans yfir skólaárið.

Hér fóru allir leikskólakennarar nema tveir á námskeið í notkun á **TRAS**.

Hér vara kynning á notkun á bókinni **Lubbi finnur málbein** fyrir alla starfsmenn leikskólans.

Mikil ánægja var meðal starfsmanna leikskólans með málþingið **Lestur er lífsins leikur** sem haldið var þann 25. febrúar síðastliðinn af Hafnarfjarðarbæ. Erindin voru upp til hópa fræðandi og áhugavekjandi og öll umgjörð þingsins bænum til sóma. En fólki þótti undarlegt að fá tilkynningu um sameiginlegt þróunarverkefni leik- og grunnskóla á komandi skólaári um **Læsi og stærðfræði** á þessum degi, engin kynning hafði farið fram við leikskólastjóra fyrir málþingið.

Allir starfsmenn fengu fræðslu í **notkun á spjaldtölvu** með börnum í boði Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar.

ABLLS-R, 12 kennslustundir fyrir einhverfu/2 starfsmenn, þetta er námskeið í þjálfunarlista (verkfæri) fyrir börn í atferlisþjálfun. **Ekki var** í boði á vorönn að fara á þetta námskeið en reynt verður að fara næsta haust eða vor.

4.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum fyrir 2015- 2016:

- Starfsmenn eru hvattir til að sækja námskeið á vegum **Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar 2015-2016**.
- Áætluð er fræðsla fyrir alla starfsmenn vegna þróunarverkefnisins „ **Læsi og stærðfræði**“.
- Fá fræðslu um notkun á málþroskaprófinu **Orðaskil**.
- **Fjórir** kennarar í leikskólanum fari á **TRAS**.
- Fyrirlestur **fyrir alla** starfsmenn um **Hamingju og velferð/** kennari **Ásdís Olsen**
- Áframhaldandi námskeið í **kennslu á spjaldtölvur** fyrir mismundandi hópa innan leikskólans.
- **ABLLS-R, 12 kennslustundir fyrir einhverfu/2 starfsmenn**, þetta er námskeið í þjálfunarlista (verkfæri) fyrir börn í atferlisþjálfun.
- Jafningjafræðsla innan leikskólans.

5. Aðrar upplýsingar

5.1 Barnahópurinn 1. maí 2015

- Börnin voru 113 í leikskólanum
- Stúlkurnar voru 52 og drengirnir 61
- Dvalarstundir voru 942 klst
- Deildargildi 5,67
- Fjöldi barna sem nutu sérkennslu samkv. greiningaviðmiðum sérkennslu í 1. og 2. flokki voru 3 (voru 5 2014-2015)
- Fjöldi barna sem nutu sérkennslu með önnur þroskafrávik voru 20 (voru 14 2014-2015) talsins (málþroskafrávik, hegðunarfrávik, annað)
- Fjöldi barna með ofnæmi voru samtals 7 (voru 9 2014-2015)
- Fjöldi barna með fæðuóþol voru 11 (voru 3 2014-2015)
- Fjöldi barna með annað móðurmál en íslensku voru 16 talsins
- Fjöldi tungumála, fyrir utan íslensku, voru 7
- Þjóðerni forsjáraðila: tíu frá Póllandi, einn frá Kína, einn frá USA, einn frá Perú, fjórir frá Shri Lanka, einn frá Úkraínu, tveir frá Rússlandi, einn frá Danmörku og einn frá Möltu.

5.2 Foreldrasamvinna

- **Foreldraráð:**

Foreldraráð samanstendur af þremur foreldrum sem sitja jafnframt í stjórn Foreldrafélagsins þar sem 7 fulltrúar foreldra sitja ásamt leikskólastjóra. Foreldraráð er kosið sérstaklega á aðalfundi félagsins sem er á haustin samkv. lögum félagsins. Foreldraráð fundar eftir þörfum, þ.e. þegar gögn berast frá leikskólanum til yfirlestrar og umræðu.

- **Foreldrafélag:**

Foreldrafélag er starfsrækt í leikskólanum og er kosið í stjórn þess, sjö fulltrúar, á aðalfundi félagsins haust hvert samkv. lögum félagsins. Kosið er til tveggja ára setu. Stjórn Foreldrafélagsins hittist nokkrum sinnum á ári.

Foreldrafélagið sér um nokkra viðburði á ári fyrir utan skólatíma. Hefð er fyrir brúðuleikshússýningu í nóvember/desember. Félagið stendur fyrir jólastund í leikskólanum í byrjun aðventu. Húsið er þá opið í tvo tíma og boðið uppá saft, kaffi og piparkökur. Í boði fyrir alla er að skreyta mandarínur með negulnögglum og skrautborða. Einnig stendur félagið straum af kostnaði á jólasveini á jólaball leikskólans. Að vori stendur félagið yfirleitt fyrir fræðslu til foreldra og greiðir fyrir rútu vegna sumarferðar leikskólans að vori eða í byrjun sumars. Foreldrafélagið tekur þátt í sumarhátíð leikskólans með uppákomu, leigu á hoppukastala eða eins og í sumar, kaup á „Sirkus Ísland“ sem gerði mikla lukku.

- **Foreldrafundir/foreldrasamskipti:**

Foreldrafundir á vegum leikskólans eru einu sinni á ári á haustin þar sem farið er yfir starfsáætlun leikskólans og starfsemi deildanna á komandi skólaári. Við leggjum mikla

áherslu á góð samskipti við foreldra dagsdaglega. Til að kynnast foreldrum enn frekar en á fundum, þá bjóðum við þeim upp á reglubundna samveru yfir árið (sjá skólalagatalið). Þeim er boðið í „Vinagöngu“ í nóvember, í „Jólakakó og piparkökur“ í desember, í morgunverð á „Degi leikskólanna“ í febrúar og á Sumarhátíð í júní. Það er alltaf heitt á könnunni í Lundi svo foreldrar geti staldrað við og spjallað.

- **Foreldrasamtöl:**

Foreldrasamtöl eru einu sinni á ári eftir áramótin (sjá skólalagatal) og eru foreldrar boðaðir skriflega með ákveðinni dagsetningu og tíma. Fagfólk leikskólans ber ábyrgðá samtölunum og taka þau ásamt reynslumeiri starfsmönnum. Foreldrar eða deildarstjórar geta óskað eftir fleiri samtölum ef þurfa þykir á skólaárinu.

5.3 Samstarf leik- og grunnskóla

Samvinna milli Víðistaðaskóla í Engidal og Norðurbergs er í föstum skorðum og hefur verið það til margra ára. Það má segja að samvinnan hafi styrkst og aukist til muna eftir að við unnum saman að umsókn um Grænfánann veturinn 2002-2003.

- Áætlun vetrarins er unnin á haustin þegar leikskólakennarar elstu barna leikskólans og kennarar fyrstu bekkjar grunnskólans hittast og gera grófa áætlun um samstarfið á komandi vetri.
- **Áætlun fyrir 2015-2016 verður líklega eftirfarandi:**
- **Október:** skólaheimasókn í Víðistaðaskóla í Engidal og fyrsti bekkur kemur í heimsókn á gömlu deildina sína í Lundi.
- **Nóvember:** Dagur íslenskrar tungu, 4. bekkur í Víðistaðaskóla í Engidal kemur í leikskólann og les upp ljóð og sögur fyrir börn leikskólans. Samsöngur í lok samveru.
- **Desember:** elstu börnum leikskólans er boðið í helgileik Víðistaðaskóla í Engidal.
- **Janúar:** heimsókn elstu barnanna í bókasafnið í Víðistaðaskóla í Engidal.
- **Febrúar:** heimsókn elstu barnanna í Víðistaðaskóla í Engidal þar sem aðstoðarskólalastjóri tekur á móti hópnum og sýnir þeim skólann.
- **Mars:** leikjadagur í Víðistaðaskóla í Engidal. Einnig er farið í bekkjarheimsókn og tekið þátt í kennslustundum fram að hádegismat. Börnin dreifast á bekkjardeildir.
- **Júní:** 1. bekkur úr Víðistaðaskóla í Engidal kemur í heimsókn, kveikt er upp í eldstæði, poppað og nemendum boðið að skoða listaverkasýningu eftir börnin í leikskólanum.

Endurmat: Öll samskipti við Víðistaðaskóla í Engidal er almennt til fyrirmyndir en þó mættu kennarar þar sýna meiri ábyrgð á starfsáætluninni þar sem t.d. leikjadagurinn og heimsókn við eldstæðið í júní féll niður á liðnu skólaári þar sem ekkert frumkvæði kom frá skólanum.

5.4 Almennar upplýsingar

- Sameiginlegir skipulagsdagar á næsta skólaári með grunnskólum Hafnarfjarðar eru eftirfarandi:
28/9 2015 – 20/11 2015 – 4/1 2016 - 24/2 2016 – 17/5 2016

5.5 Áætlanir

Eftirfarandi áætlanir eru á heimasíðu leikskólans :

[Starfsáætlun 2015-2016](#)

[Verkefnaáætlun leikskólans 2015-2016](#)

[Starfsáætlun 2014-2015](#)

[Símenntunaráætlun 2015](#)

[Starfsaðferðir leikskólans í útikennslu](#)

Aðrar áætlanir:

[Móttökuáætlun 2013](#)

[Informacje dla rodziców 2012](#)

[Information for parents 2012](#)

[Starfsaðferðir leikskólans við kynferðisofbeldi á börnum](#)

[Starfsaðferðir leikskólans við ofbeldi á börnum](#)

[Áætlun gegn einelti 2012](#)

[Áfallaáætlun 2010](#)

[Rýmingaráætlun 2010](#)

[Slysa- og brunaverkferlar 2010](#)

[Röskun á skólastarfi vegna óveðurs](#)

[Viðbragðsáætlun vegna öskufalls 2010](#)

[Viðbragðsáætlun almannavarna 2009](#)

Fylgirit

- Verkefnaáætlun þróunarverkefnis 2014-2015
- Verkefnaáætlun leikskólans 2015-2016
- Leikskóladagatal
- Umsögn foreldraráðs

Hafnarfirði ágúst 2015

Anna Borg Harðardóttir

Leikskólastjóri